

Fundargerð 60. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu 2. mars 2020, kl. 13:00

Dagskrá:

- 1. Skilgreining opinberrar þjónustu, kynning**
- 2. Áhersluverkefni landshlutasamtaka sveitarfélaga 2020**
- 3. Önnur mál**

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Anna Katrín Einarsdóttir (ANR), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Árni Freyr Stefánsson (SRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MRN), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Pétur Berg (FOR), Þór Þórarinsson (FÉL, fór kl. 13:25), Þórarinn V. Sólmundarson (MRN, mætti kl. 13:23), Karl Björnsson (Sambandinu), Laufey K. Skúladóttir (Byggðastofnun), Bjarni Guðmundsson (landshlutasamtökunum, fór kl. 13:45) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina. Hermann Sæmundsson sat einnig fyrsta hálf tíma fundarins.

Fjarverandi: Björn Helgi Barkarson (UAR), Elín R. Guðnadóttir (ANR) og Hrunð Hafteinsdóttir (UTN).

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Skilgreining opinberrar þjónustu

Laufey K. Skúladóttir og Sigríður K. Þorgrímsdóttir kynntu verkefni A-18 á byggðaáætlun, „skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis“, en Byggðastofnun ber ábyrgð á framkvæmd þess. Talsverðar umræður urðu um þennan lið á dagskránni. Ákveðið var að fulltrúar í stýrihópi verð hver fyrir sig tengiliður við sitt ráðuneyti þegar kemur að því að setja niður fundi í ráðuneytunum.

2. Áhersluverkefni landshlutasamtaka

Fimm af átta landshlutasamtökum hafa skilað áhersluverkefnum fyrir árið 2020, þ.e. Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra og Suðurland og höfðu þau verið send fundarmönnum fyrir fundinn. Alls eru þetta 41 verkefni, á bilinu sex til 12 í hverjum landshluta. Heildarkostnaður verkefnanna er áætlaður um 398 m.kr., þar af koma tæplega 200 m.kr. af sóknaráætlunarframlögum ársins 2020. Á fundinum náðist ekki að klára að fara yfir áhersluverkefni Suðurlands og var ákveðið að þau yrðu afgreidd í skriflegu ferli. Stýrihópurinn staðfesti öll verkefni, utan eins, sem skoðað verður með viðkomandi landshluta. Nokkrar ábendingar komu fram frá stýrihópnum við einstök verkefni og verður þeim komið á framfæri við landshlutasamtökin.

3. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:40.